

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um leigubifreiðar nr. 224/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „23“ í 3. tl. 1. mgr. 5. gr. komi „22“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1995 um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 8. nóvember 2001.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (IV).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir sem vísað er til í VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000 frá 28. janúar 2000, nr. 8/2000 frá 4. febrúar 2000 og nr. 9/2000 frá 28. janúar 2000 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn skulu öðlast gildi hér á landi að því leyti sem þær lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af VI. viðauka samningsins og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 575/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/99 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.